

	Við lok 6. Bekkjar	Við lok 7. Bekkjar (lok 1.stigs)
<b>Hlustun</b>		
<p>Nemandi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilur aðalatriði í einföldum samtölum milli tveggja og getur svarað einföldum spurningum.</li> <li>• Tileinkar sér grunnorðaforða í málefnum sem standa honum næst og getur tjáð sig með notkun orðaforðans bæði munnlega og skriflega: Líkaminn - litir og fatnaður - dagarnir og árstíðir - fjölskyldan - klukkan - heimilið - tölurnar 0- 20</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.</li> <li>• skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.</li> <li>• fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnugt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.</li> <li>• fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnugt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur svarað spurningum um myndefni sem horft hefur verið á.</li> <li>• Getur svarað spurningum úr stuttum raunverulegum samtölum.</li> <li>• Þekkir og nýtir sér grunnorðaforða í málefnum sem standa honum næst bæði munnlega og skriflega             <ul style="list-style-type: none"> <li>○ skólinn</li> <li>○ fjölskylda og vinir</li> <li>○ áhugamál</li> <li>○ tilfinningar</li> <li>○ matvæli</li> <li>○ húsdýrin</li> <li>○ tugatölur (10-20-30-40...)</li> </ul> </li> </ul>

## Lesskilningur

Nemandi:

- Getur lesið einfaldan texta og svarað spurningum úr honum.
- Les og skilur stutta myndatexta og getur svarað verkefnum þeim tengdum.
- Getur lesið stuttan texta og átt einfaldar samræður um hann.

- lesið og skilið stutta texta með grunnorðaförða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum
- skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum
- fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

### Viðmið Djúpavogsskóla

- Getur lesið stutta texta með einföldum orðaförða úr námsbókum vetrarins og unnið samhliða fjölbreytt verkefni úr þeim.

## Samskipti

Nemandi:

- Getur búið til eða tekið þátt í samtali um sérstök efni, t.d. liti og fatnað með stuðningi mynda.
- Skilur fyrirmæli og leiðbeiningar kennara og bregst við þeim.
- Getur tekið þátt í einföldum samtölum, sagt frá og skipst á upplýsingum um sjálfan sig og fjölskylduna.

- haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaförða og kann að beita algengustu kurteisvenjum
- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst
- skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu
- tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

### Viðmið Djúpavogsskóla

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur tekið þátt í stuttu spjalli þar sem nemendur kynna sjálfa sig með nafni, aldri, búsetu og fjölskylduhögum.</li> <li>• Kann tölurnar frá 0-20.</li> <li>• Getur greint frá því hvaða vikudagur og mánuður er.</li> <li>• Les tímasetningar af klukku og notar í samskiptum.</li> </ul>
<b>Frásögn</b>		
Nemandi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur tjáð sig í stærri hópi um áður undirbúið efni.</li> <li>• Getur í grófum dráttum sagt frá helstu áhugamálum og athöfnum undanfarinna daga.</li> <li>• Getur kynnt sjálfan sig og greint frá aldri, nafni og búsetu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaförða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum</li> <li>• sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt</li> <li>• endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.</li> <li>• flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur kynnt sjálfan sig og greint frá aldri, nafni og búsetu.</li> <li>• Getur sagt frá helstu áhugamálum sínum með einföldum orðum.</li> </ul>
<b>Ritun</b>		
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur skrifað einfaldan texta um þekkt efni.</li> <li>• Getur skrifað einfaldar setningar út frá eigin brjósti.</li> <li>• Þekkir mun á eintölu og fleirtölu nafnorða.</li> <li>• Getur stigbreytt lýsingarorð.</li> <li>• Notar í verkefnum sínum persónufornöfn.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki</li> <li>• skrifað texta með orðaförða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista</li> <li>• lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi</li> <li>• skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst</li> <li>• samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur notað greini (en og et) fyrir framan nafnorð.</li> <li>• Getur fundið sagnorð í texta.</li> <li>• Þekkir helstu spurnarorðin og notar í verkefnavinnu.</li> </ul>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir persónufornöfnin og notar í verkefnavinnu.</li> <li>• Getur ritað stuttar 3-5 orða setningar tengdar þeim efnisþáttum sem unnið er með.</li> <li>• Getur ritað stutta frásögn (4-6 setningar) um sjálfan sig.</li> <li>• Getur skráð stutta færslu í dagbók um daglegt líf.</li> </ul>
<b>Menningalæsi</b>		
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir helstu hátíðir og menningu Danmerkur.</li> <li>• Veit hvað helstu borgir Danmerkur heita og getur bent á þær á korti.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu</li> <li>• sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða</li> <li>• sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra</li> <li>• sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur strikað undir orð í stuttum texta sem líkjast orðum í íslensku.</li> <li>• Þekkir nokkur dönsk dægurlög og þekktar kvikmyndir/þáttaraðir á dönsku.</li> <li>• Getur sagt frá dönskum hefðum er varða jól og afmæli.</li> <li>• Þekkir landfræðilega legu Danmerkur, íbúafjölda og staðsetningu á Fjóni, Sjálandi og Jótlandi.</li> <li>• Getur greint frá heiti höfuðborgar og fjölda íbúa hennar.</li> </ul>
<b>Námshæfni</b>		
Áherslur skóla	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur tekið þátt í fjölbreyttri einstaklings-, para- og hópavinnu.</li> <li>• Geti beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta og myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf</li> <li>• beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur og orðabækur á internetinu.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur</li><li>• tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu</li><li>• tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja</li><li>• nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur , veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.</li></ul>
--	--	---

	Við lok 5.bekkjjar	Við lok 6. bekkjar	Við lok 7. Bekkjar (lok 2.stigs)
<b>Hlustun</b>			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur fylgst með einföldu hlustunarefni, t.d. tengdu hans nánasta umhverfi.</li> <li>• Getur svarað einföldum spurningum út frá einföldum texta sem hlustað er á.</li> <li>• Getur hlustað eftir einföldum orðaforða í hlustun og unnið með hann.</li> <li>• Getur nýtt sér grunnorðaforða um málefni sem tengjast honum sjálfum, svo sem:               <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Fjölskylda</li> <li>○ Vinir</li> <li>○ væntingar</li> <li>○ áhugamál</li> <li>○ frítími</li> </ul> </li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur fylgt þræði í einföldu hlustunarefni, svo sem söngvum og sögum.</li> <li>• Skilur aðalatriði í einföldum samtölum milli tveggja og getur svarað einföldum spurningum.</li> <li>• Getur nýtt sér orðaforða meðal annars úr neðangeindum þemum við verkefnavinnu og í samræðum Fjölskylda Vinir Væntingar og þrár Ártöl</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega.</li> <li>• Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.</li> <li>• Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.</li> <li>• Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur svarað á spurningum um myndefni sem horft hefur verið á.</li> <li>• Getur svarað spurningum úr stuttum raunverulegum samtölum.</li> <li>• Getur fyllt í eyðurnar þegar hlustað er á einfaldan söngtexta.</li> <li>• Getur hlustað eftir aðalatriðum í fréttum og viðtölum og endursagt á ensku.</li> <li>• Getur hlustað eftir aðalatriðum í fréttum og viðtölum og nýtt orðaforða úr slíku í að skapa sínar eigin fréttir eða taka viðtöl.</li> </ul>

## Lesskilningur

Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur lesið einfaldan stuttan texta og svarað spurningum úr honum munnlega og skriflega..</li><li>• Skilur og getur svarað einföldum spurningum úr texta um nærumhverfið, með og án mynda.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur lesið lengri og flóknari texta og svarað spurningum úr honum.</li><li>• Les og skilur stutta myndatexta og getur leyst verkefnum þeim tengdum.</li><li>• Eykur orðaforða sinn með lestri léttlestrarbóka og myndasagna.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.</li><li>• Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.</li><li>• Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.</li><li>• Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.</li></ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Getur lesið texta ítarlega og fundið í honum upplýsingar fyrir verkefnavinnu.</li><li>• Getur unnið verkefni eftir lestur á Topic book.</li></ul>
----------	--	---	---

## Samskipti

Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur komið frá sér upplýsingum um persónulega hagi, t.d. um aldur, útlit, fjölskyldu.</li><li>• Getur bent á og nefnt helstu líkamsparta, daga, mánuði og liti í samtali við annan.</li><li>• Getur beðið um aðstoð á ensku.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur búið til eða tekið þátt í samtali um sérstök efni, t.d. mat og ferðalög með stuðningi mynda.</li><li>• Skilur fyrirmæli og leiðbeiningar kennara.</li><li>• Getur tekið þátt í einföldum samtölum, sagt frá og skipst á upplýsingum um sjálfan sig, áhugamál og nærumhverfi.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisvenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði.</li><li>• Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</li></ul>
----------	---	--	---

			<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.</li> <li>• Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur í aðalatriðum sagt frá því sem hann hefur lesið eða séð.</li> <li>• Getur bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. samtöl í verslunum og á ferðalögum.</li> <li>• Hefur nokkuð eðlilegan framburð og þekkir til áherslu í orðum.</li> </ul>
<b>Frásögn</b>			
Nemandi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur, við annan mann, sagt frá því helsta í nærumhverfinu.</li> <li>• Getur lýst sjálfum sér almennt, fatnaði, útliti o.fl.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur tjáð sig í stærri hópi um áður undirbúið efni.</li> <li>• Getur í grófum dráttum sagt frá helstu áhugamálum og athöfnum undanfarinna daga.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáð sig um það sem við- kemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval.</li> <li>• Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.</li> <li>• Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.</li> <li>• Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur endursagt efni úr bók sem hefur verið lesin eða kvikmynd sem hefur verið horft á.</li> <li>• Getur gefið einfaldar upplýsingar og leiðbeiningar.</li> </ul>



## Ritun

- Getur skrifað eftir fyrirmyndum, skiljanlegar setningar sem tengjast efninu.
- Getur skrifað einfaldar setningar frá eigin brjósti.
- Þekkir rétta stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni.
- Áttar sig á því hvernig sagnir breytast eftir persónum.
- Þekkir óákveðinn og ákveðinn greini og notar rétt í ritun.
- Þekkir persónu- og eignarfornöfn og notar í ritun.

- Getur skrifað einfaldan texta um þekkt efni.
- Getur skrifað einfaldar setningar út frá eigin brjósti.
- Þekkir nútíð og þátíð sagna og nýtir í ritun.
- Þekkir eintölu og fleirtölu nafnorða og nýtir í ritun.
- Getur stígbreytt lýsingarorð.
- Notar persónu- og eignarfornöfn í ritun.
- Þekkir og nýtir í verkefnavinnu helstu staðarforsætningar: undir, yfir, fyrir framan, fyrir aftan osvfrv.

- Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tók á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki.
- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.
- Samið texta þar sem ímyndunarflið fær að njóta sín.

### Viðmið Djúpavogsskóla

- Notar algengustu tengiorð og greinarmerki við verkefnavinnu.
- Beygir sagnir og tíðir í ritun.
- Myndar reglulega og óreglulega fleirtölu nafnorða.
- Stígbreytir lýsingarorð án vandkvæða.
- Er öruggur í notkun á óákveðnum greini; a og an.
- Getur notað raðtölur við verkefnavinnu.
- Þekkir og nýtir í verkefnavinnu ábendingarfornöfn, tilvísundarfornöfn og some/any.
- Kynnist eignafalls s-i.

## Menningalæsi

- Áttar sig á landfræðilegri legu enskumælandi landa, þekkir helstu borgir staðanna og gerir sér grein fyrir notkun ensku í öðrum löndum.

- Kynnist hátíðum og menningu sem tengist enskumælandi þjóðum.

- Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor.
- Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Djúpavogsskóli

Heimilisfræði 5.- 7. bekkur

	Við lok 5.bekkjjar	Við lok 6. bekkjar	Við lok 7. Bekkjar skv. aðalnámskrá grunnskóla bls 154-155
<b>Menningarläsi – sameiginlegt viðmið fyrir allar verkgreinar</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur lesið uppskriftir og tjáð sig um þær.</li> <li>• Getur skrifað eigin uppskriftir og farið eftir þeim.</li> <li>• Getur unnið í samvinnu við aðra og sýnt tillitssemi og frumkvæði.</li> <li>• Áttar sig á mikilvægi þess að vera nýttinn og sparsamur.</li> <li>• Áttar sig á mikilvægi umhverfisverndar í allri vinnu.</li> <li>• Getur notað helstu tæki sem notuð eru við matargerð.</li> <li>• Tekið þátt í umræðum um menningarlegt hlutverk heimilisfræðinnar.</li> <li>• Þekki helstu hugtök innan heimilisfræðinnar.</li> <li>• Getur sýnt ábyrga og örugga umgengni í heimilisfræði.</li> <li>• Geti tjáð sig um eigin verk með gagnrýni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Er fær um að lesa uppskriftir og tjá sig um þær með gagnrýnum hætti.</li> <li>• Geti útbúið fjölbreyttar uppskriftir.</li> <li>• Tekur tillit til annarra í hópavinnu og sýnir frumkvæði.</li> <li>• Geri sér grein fyrir mikilvægi þess að geta útbúið ýmislegt með litlum kostnaði og mikilvægi umhverfisverndar í allri vinnu.</li> <li>• Kunni að nota helstu tæki sem notuð eru í eldhúsinu.</li> <li>• Geti rætt um menningarlegt hlutverk fagsins.</li> <li>• Skilur helstu hugtök sem tengjast viðfangsefninu, sjá kennslubók.</li> <li>• Noti helstu hugtök sem tengjast greininni.</li> <li>• Sýni ábyrgð og örugga umgengni í faginu.</li> <li>• Ræði um eigin verk á gagnrýninn hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.</li> <li>• Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.</li> <li>• Tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.</li> <li>• Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.</li> <li>• Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.</li> <li>• Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.</li> <li>• Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.</li> <li>• Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</li> <li>• Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</li> </ul>

## Matur og lífshættir

- Átti sig á mikilvægi heilbrigðra lífshátta og heilsufars.
- Læri um aðalatriði næringarfræðinnar í gegnum umræður.
- Er meðvitaður og sýnir í verki að hann áttar sig á mikilvægi hreinlætis við heimilisstörf.
- Taki þátt í umræðum um kostnað við heimilishald og leiðir til sparnaðar.

- Getur rætt um mikilvægi heilbrigðis og góðrar heilsu.
- Geti sagt frá hlutverki næringarefna og hvers vegna þau eru mikilvæg heilsunni.
- Gert grein fyrir hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við heimilisstörf almennt.
- Þekkir helstu kostnaðarliði heimilishaldsins og leiðir til sparnaðar og gert grein fyrir þeim.

- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.
- Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.
- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.
- Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.

## Matur og vinnubrögð

- Getur matreitt einfaldar máltíðir með aðstoð og nýtt hráefni sem best.
- Vinnur eftir uppskriftum með lítilsháttar aðstoð og veit hvaða algengustu mæli- og eldhúsáhöld er best að nota
- Áttar sig á mikilvægi þess að fara varlega við heimilisstörfum til að koma í veg fyrir slysa
- Getur nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga varðandi matreiðslu og meðferð matvæla.

- Getur matreitt ýmsar einfaldar máltíðir og nýtt hráefni sem best
- Vinnur að mestu leyti sjálfstætt eftir uppskriftum.
- Getur valið og notað viðeigandi mæli- og eldhúsáhöld.
- Áttar sig á mikilvægi þess að fara varlega við heimilisstörfum og veit um helstu slysaáættingar á heimilinum
- Getur nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.

- Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefni sem best.
- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.
- Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.

## Matur og umhverfi

- Taki þátt í umræðum um hvers vegna mikilvægt sé að bæði kynin sinni heimilisstörfum.
- Þekkir mismunandi umbúðarmerkingar og lesið út úr þeim geymsluþol og gæði matvæla.

- Geti rökrætt hvers vegna mikilvægt sé að bæði kynin sinni heimilisstörfum.
- Þekkir mismunandi umbúðarmerkingar og getur lesið út úr þeim geymsluþol og gæði.

- Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttar sig á uppruna helstu matvæla.
- Skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði

		•	matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.
<b>Matur og menning</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir siður og venjur ólíkra þjóða.</li> <li>• Þekkir lifnaðarhætti fyrr og nú og getur tekið þátt í umræðum um þá.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur útbúið eftir uppskrift mismunandi rétti frá mismunandi löndum.</li> <li>• Þekkir gamlar geymsluaðferðir matvæla, , s.s. reykingu, þurrkun , súrsun og söltun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.</li> </ul>

Djúpavogsskóli

Hönnun og smíði 5.- 7. bekkur

	Við lok 5.bekkjjar	Við lok 6. bekkjar	Við lok 7. bekkjar skv. aðalnámskrá grunnskóla bls 156-157
<b>Menningarläsi – sameiginlegt viðmið fyrir allar verkgreinar</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur unnið með verkefni allt frá hugmyndavinnu til lokaafurðar með aðstoð kennara.</li> <li>• Yfirfært að einhverju leyti þá þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast yfir á aðrar aðstæður í leik og starfi.</li> <li>• Tekur tillit til annarra í hópvinnu og sýnir frumkvæði.</li> <li>• Áttar sig á hlutverki sjálfbærni í smíðastofunni.</li> <li>• Hefur öðlast leikni á þau verkfæri sem notuð voru á skólaárinu.</li> <li>• Getur átt samræður um verkefni og verkefni í smíðastofunni og notað orðaforða sem tilheyrir greininni.</li> <li>• Sýnir ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</li> <li>• Lagt mat á eigin verk og sýnir vönduð vinnubrögð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur unnið með verkefni allt frá hugmyndavinnu til lokaafurðar.</li> <li>• Yfirfært þá þekkingu og leikni sem hann hefur öðlast yfir á aðrar aðstæður í leik og starfi.</li> <li>• Tekur tillit til annarra í hópvinnu og sýnir frumkvæði.</li> <li>• Áttar sig á hlutverki sjálfbærni í smíðastofunni.</li> <li>• Hefur öðlast leikni á þau verkfæri sem notuð voru á skólaárinu.</li> <li>• Getur átt samræður um verkefni og verkfæri í smíðastofunni og notað orðaforða sem tilheyrir greininni.</li> <li>• Sýnir ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</li> <li>• Lagt mat á eigin verk og sýnir vönduð vinnubrögð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.</li> <li>• Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.</li> <li>• Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.</li> <li>• Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.</li> <li>• Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.</li> <li>• Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.</li> <li>• Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.</li> <li>• Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</li> <li>• Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</li> </ul>
<b>Handverk</b>			

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir handhefilinn og kann að nota hann.</li> <li>• Þekkir mun á járnbor og trébor.</li> <li>• Getur mælt nákvæmlega og notað skífumál.</li> <li>• Þekkir bitjárn og notkunarmöguleika þeirra.</li> <li>• Hefur kynnst vinnu með plast (og leður).</li> <li>• Getur notað handborvél, valið rétta skrúfbita og fest í vélina.</li> <li>• Geti unnið með öðrum og sýnt frumkvæði</li> <li>•</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hefur náð góðum tókum á að saga í tifsög og pússa í pússvél.</li> <li>• Getur unnið með plast á fjölbreyttan máta.</li> <li>• Tekur þátt í umræðu um tilurð plasts.</li> <li>• Þekkir mismunandi málma og eiginleika þeirra. Getur unnið einföld málmsmíðaverkefni.</li> <li>• Getur klippt, hamrað og pússað.</li> <li>• Geti unnið með öðrum og sýnt frumkvæði.</li> <li>•</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki</li> <li>• Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynnist notkun á rennibekk.</li> <li>• Getur notað sporjárn og hefil.</li> <li>• Kynnist rafmagnsstingsög.</li> <li>• Geti unnið með öðrum og sýnt frumkvæði</li> </ul>
<b>Hönnun og tækni</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur gert málsetta vinnuteikningu og skrifað niður vinnuferli í lok verkefnis.</li> <li>• Hannar og smíðar verkefni sem nýtir orkugjafa, t.d. klukku.</li> <li>• Hefur kynnst ólíkum yfirborðsefnum, t.d. vatnsmálningu, lakki, olíu og vatnsbæsi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.</li> <li>• Lesið einfalda teikningu, smíða eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.</li> <li>• Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.</li> <li>• Hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum.</li> <li>• Lýst hvernig tækni birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu.</li> <li>• Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnur verkefni út frá málsettri teikningu.</li> <li>• Velur samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.</li> <li>• Þekkir mun á þeim efnum sem notuð eru við yfirborðsmeðferð.</li> <li>• Vinnur verkefni þar sem þarfir eru greindar og lausnir fundnar</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnur verkefni út frá málsettri teikningu.</li> <li>• Velur samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.</li> <li>• Þekkir mun á þeim efnum sem notuð eru við yfirborðsmeðferð.</li> <li>• Vinnur verkefni þar sem þarfir eru greindar og lausnir fundnar.</li> </ul>
<b>Umhverfi</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilur mikilvægi þess að nota persónuhlífar við vinnu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gerir sér grein fyrir gildi góðrar meðferðar tækja og umgengni vinnusvæðis.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hefur lært að skoða utan á umbúðir og þekkja viðvörðunarkerki.</li> <li>• Þekkir hættur sem geta stafað af rafmagni.</li> <li>• Hefur endurnýjað og jafnvel gert við eldri hlut.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Notar heyrnahlífar, vinnuvettlinga og öryggisgleraugu þar sem við á.</li> <li>• Getur flokkað efnisafganga og annan úrgang sem til fellur í smíðastofunni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra.</li> <li>• Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Endurgerir hlut og finnur honum nýtt hlutverk.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir gildi góðrar meðferðar tækja og umgengni vinnusvæðis.</li> <li>• Þekkir réttar vinnustellingar og líkamsbeitingu og nýtir í vinnu.</li> </ul>
--	--	--	---



Djúpavogsskóli

Íslenska 5.- 7. bekkur

	Við lok 5.bekkjjar	Við lok 6. bekkjar	Við lok 7. Bekkjar skv. aðalnámskrá grunnskóla bls 101-105
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hefur skýran og áheyrilegan framburð.</li> <li>• Er fær um að tjá sig frammi fyrir hópi og að tjá skoðanir sínar.</li> <li>• Sýnir virka hlustun og bregst við á viðeigandi hátt.</li> <li>• Nýtir upplýsingatækni í námi bæði myndrænt og stafrænt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Flytur mál sitt skýrt og áheyrilega.</li> <li>• Þjálfast í rökræðum og í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir.</li> <li>• Getur hlustað á frásögn, greint aðalatriði og endursagt með eigin orðum.</li> <li>• Getur nýtt sér upplýsingatækni í námi bæði myndrænt og stafrænt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.</li> <li>• Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.</li> <li>• Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.</li> <li>• Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.</li> <li>• Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.</li> <li>• Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</li> </ul>
<b>Lestur og bókmenntir</b>			

<p>Nemandi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Les sér til gagns og gamans bæði upphátt og í hljóði.</li> <li>• Leggur mat á texta og getur túlkað hann.</li> <li>• Velur sér bækur eftir áhugasviði og les sögur og ljóð sér til ánægju.</li> <li>• Kynnist fjölbreyttum textum, fornum og nýjum.</li> <li>• Kannast við nokkur hugtök í bragfræði, s.s. <i>kvæði, vísa, ljóðlína, ljóðstafir og hrynjandi</i>.</li> <li>• Getur aflað sér upplýsinga úr bókum og af internetinu.</li> <li>• Þekki hugtakið sögusvið.</li> <li>• Kynnist lestri úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum.</li> <li>• Tekur þátt í lestrarátökum og bætir leshraða sinn.</li> <li>• <b>Les á bilinu 90-160 orð á mínútu að vori.</b></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Er vel læs og hefur öðlast góðan skilning og fjölbreyttan orðaforða.</li> <li>• Velur sér fjölbreytt lesefni og les sögur og ljóð sér til ánægju.</li> <li>• Þekkir fleiri hugtök í bragfræði, s.s. <i>líkingu og boðskap</i>.</li> <li>• Þekkir fjölbreytt textaform, bæði forn og nútíma og getur skapað slíka texta eftir fyrirmynd, t.d. þjóðsögur og ljóð.</li> <li>• Getur aflað sér upplýsinga úr bókum og af internetinu og notað þær í verkefnavinnu.</li> <li>• Þjálfist í að les úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlka þær.</li> <li>• Tekur þátt í lestrarátökum og bætir leshraða sinn.</li> <li>• <b>Les á bilinu 105-175 orð á mínútu að vori.</b></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað</li> <li>• Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta</li> <li>• Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta</li> <li>• Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann</li> <li>• Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum</li> <li>• Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap</li> <li>• Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap</li> <li>• Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga</li> <li>• Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær</li> <li>• Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</li> <li>• <b>Les á bilinu 120-190 orð á mínútu að vori.</b></li> </ul>
<h2>Ritun</h2>			
<p>Nemandi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifar skýrt og læsilega og vandar frágang.</li> <li>• Hefur skoðað og skrifað margvíslega texta, s.s. frásagnir, dagbækur, sögur ljóð og sendibréf.</li> <li>• Getur samið texta og tjáð hugmyndir sínar og reynslu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifar skýrt og greinilega og vandar frágang.</li> <li>• Getur nýtt sér orðabækur.</li> <li>• Fæst við skapandi skrif og semur sögur, ljóð og leikþætti.</li> <li>• Sýnir öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</li> <li>• Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir og kann að nýta einfaldar stafsetningarreglur, s.s. stór/lítill stafur, -ng/-nk og -n/ -nn reglur.</li> <li>• Skrifar einfaldan texta á tölvu og beitir ýmsum aðferðum í ritvinnslu.</li> <li>• Þekkir helstu reglur varðandi stafsetningu og greinarmerkjasetningu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur nýtt sér leiðbeiningar um textagerð og er tilbúinn að taka gagnrýni á eigin texta.</li> <li>• Skrifar einfaldan texta á tölvu og beitir ýmsum aðferðum ritvinnslu.</li> <li>• Er fær um að skrifa og endursegja texta með ákveðinn lesanda í huga.</li> <li>• Beitir helstu stafsetningarreglum og reglum um greinarmerki.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.</li> <li>• Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</li> <li>• Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.</li> <li>• Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga.</li> </ul> </li> </ul>
--	---	--	--

## Málfræði

Nemandi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur notað fjölbreyttan texta í riti og ræðu.</li> <li>• Getur nýtt orðabækur og gagnabrunna á internetinu sér til gagns.</li> <li>• Þekkir orðflokka nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og hvað einkennir hvern þeirra.</li> <li>• Getur fundið kyn, tölu og fall nafnorða og lýsingarorða.</li> <li>• Kann að stigbreyta lýsingarorð.</li> <li>• Getur unnið með orðtök og málshætti og nýtir jafnvel í eigin máli.</li> <li>• Þekkir muninn á <i>málsgrein</i>, <i>setningu</i> og <i>efnisgrein</i>. Þjálfast í að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar í rituðum texta.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur notað fjölbreyttan texta í riti og ræðu.</li> <li>• Getur notfært sér orðabækur og gagnabrunna á internetinu sér til gagns á gagnrýnninn hátt.</li> <li>• Þjálfast í notkun nafnorða, sagnorða, lýsingarorða og veit hvað fallorð eru.</li> <li>• Getur unnið með orðtök og málshætti og nýtir í eigin skrifum og frásögnum.</li> <li>• Getur byggt upp setningar, málsgreinar og efnisgreinar í rituðum texta.</li> <li>• Styðst við málfræði- og stafsetningarreglur í töluðu máli og rituðu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.</li> <li>• Notað all ríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.</li> <li>• Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.</li> <li>• Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.</li> <li>• Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.</li> <li>• Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.</li> <li>• Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.</li> <li>• Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.</li> </ul>
---------	--	---	--

			<ul style="list-style-type: none"><li>• Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.</li></ul>
--	--	--	---

## Djúpavogsskóli

## Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur

	Við lok 5. bekkjar	Við lok 6. bekkjar	Við lok 7. Bekkjar skv. aðalnámskrá grunnskóla bls 169-175
<b>Geta til aðgerða</b>			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur sagt frá leiðum til að leysa verkefni.</li><li>• Getur sagt frá hvernig tækninotkun hefur áhrif á gæði lífs og umhverfi.</li><li>• Gerir sér grein fyrir mikilvægi samvinnu.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur sagt frá leiðum til að leysa verkefni sem tengjast þörfum fólks.</li><li>• Getur sagt frá hvernig tækninotkun hefur áhrif á gæði lífs og umhverfi.</li><li>• Er fær um að ræða um málefni sem varða heimabyggð.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra.</li><li>• Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.</li><li>• Rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi.</li><li>• Tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti</li></ul>
<b>Nýsköpun og hagnýting þekkingar</b>			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur unnið undir leiðsögn í hópi.</li><li>• Þekkir nokkrar vísindauppgötvanir og tækninýjungar.</li><li>• Áttar sig á hvernig ólík þekking og hæfni nýtist fólki.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur unnið undir leiðsögn í hópi með verkskiptri tímaáætlun.</li><li>• Getur rætt um vísindauppgötvanir og tækninýjungar og hvaða áhrif og breytingar þær hafa á líf fólks.</li><li>• Getur fjallað um hvernig ólík þekking og hæfni nýtist í störfum nútímans.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru.</li><li>• Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.</li><li>• Fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.</li></ul>
<b>Gildi og hlutverk vísinda og tækni</b>			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.</li><li>• Getur útskýrt hvaða áhrif tækni og vísindi hafa á líf fólks.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.</li><li>• Getur útskýrt hvaða áhrif tækni og vísindi hafa á líf fólks.</li><li>• Gerir sér grein fyrir mikilvægi gagna við að útskýra hluti og fyrirbæri.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri.</li><li>• Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.</li><li>• Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.</li><li>• Tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúru fræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.</li></ul>
<b>Vinnubrögð og færni</b>			

<p>Nemandi</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir sem gerðar eru ýmist úti eða inni.</li> <li>• Getur lesið einfaldan texta um náttúruvísindi sér til gagns.</li> <li>• Getur farið eftir einföldum leiðbeiningum.</li> <li>• Getur aflað upplýsinga um náttúruvísindi úr öðru efni en kennslubók.</li> <li>• Setur niðurstöður athugana fram á skipulagðan hátt og getur rætt þær.</li> <li>• Getur hlustað á og rætt hugmyndir annarra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir sem gerðar eru ýmist úti eða inni.</li> <li>• Getur útskýrt texta um náttúruvísindi.</li> <li>• Getur farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.</li> <li>• Kynnst því að afla upplýsinga um náttúruvísindi úr öðru tungumáli en íslensku.</li> <li>• Getur aflað upplýsinga um náttúruvísindi úr öðru efni en kennslubók.</li> <li>• Getur sett niðurstöður athugana fram á skýran hátt og rætt þær.</li> <li>• Getur hlustað á og rætt hugmyndir annarra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.</li> <li>• Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.</li> <li>• Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku.</li> <li>• Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.</li> <li>• Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur.</li> <li>• Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.</li> <li>• Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.</li> </ul>
----------------	--	--	---

## Ábyrgð á umhverfinu

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fræðist um sögu vísinda, Arkímedes og vísindaleg vinnubrögð.</li> <li>• Gerir tilraunir og kann að skrifa skýrslur.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gerir sér grein fyrir og ræðir þætti í náttúrulegu umhverfi sínu sem hafa áhrif á lífsgæði manna.</li> <li>• Gerir tilraunir og skrifar um þær einfaldar skýrslur.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu og gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa.</li> <li>• Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni.</li> <li>• Tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð.</li> <li>• Gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama.</li> <li>• Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur rætt um nýsköpun og nýsköpunarferli.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir endurnýtingu hluta og efna.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir mengun á jörðinni og hvað hann getur gert til að draga úr henni.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir hvar hlutirnir enda sem við hendum og hvernig hægt væri að endurnýta þá betur en gert er.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir hvaða áhrif það hefur á jörðina hvort við flokkum og endurnýtum eða ekki.</li> </ul>
---	--	--

			<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir nokkur náttúruleg hreinsiefni og getur útskýrt hvernig hægt er að nota þau.</li> <li>• Hefur tileinkað sér nákvæm vinnubrögð.</li> <li>• Tekur þátt í umræðum um siðferði í vísindum.</li> <li>• Gerir tilraunir og skrifar vandaða skýrslu.</li> </ul>
<h2>Að búa á jörðinni</h2>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir tímatal, heiti daga, heiti mánaða og gömlu mánaðaheitin.</li> <li>• Þekkir mismunandi mælieiningar og lærir að nota þær (<i>þumlungur, fet, skref og alin</i>).</li> <li>• Kann metrakerfið og getur lesið úr því.</li> <li>• Getur lesið af landakortum og áttar sig á mælikvarða á kortum.</li> <li>• Þekkir reikistjörnurnar átta og getur nefnt staðreyndir tengdar þeim.</li> <li>• Veit hvað <i>sporbaugur, smástirni, loftsteinar og halastjörnur</i> eru.</li> <li>• Veit hvaða stjarna er <i>pólstjarnan</i>.</li> <li>• Þekkir nokkur stjörnumerki í sólkerfinu.</li> <li>• Getur gert grein fyrir hvaða áhrif sól og tungl hafa á jörðina.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur útskýrt hvernig Ísland varð til.</li> <li>• Getur borið saman og útskýrt muninn á <i>blágrýtismyndun og móbergsmyndun</i>.</li> <li>• Getur útskýrt muninn á <i>dragám, lindám og jökulám</i>.</li> <li>• Getur útskýrt hvað <i>skriðjökklar og jökulrof</i> eru.</li> <li>• Getur útskýrt hvað <i>úthöf og ferskvötn</i> eru.</li> <li>• Getur fundið Atlandshaf, Kyrrahaf, Indlandshaf, Miðjarðarhaf, Norðursjó og Norður-Íshaf á landakorti.</li> <li>• Getur útskýrt hringrás vatns</li> <li>• Þekkir nokkra hafstrauma og hvaðan þeir koma.</li> <li>• Getur sagt hvar <i>hita-, mið-, heið- og veðrahvolf</i> eru í lofthjúpnunum.</li> <li>• Getur útskýrt hvað <i>ósonlagið og útfjólubláir</i> geislar eru.</li> <li>• Veit hvað <i>gróðurhúsaáhrif</i> eru og um áhrif þeirra á jörðina.</li> <li>• Veit muninn á <i>heimskauta-, hitabeltis- og tempruðu</i> loftslagi.</li> <li>• Getur útskýrt hvaða áhrif hafstraumar, hafís og loftstraumar hafa á veðrið.</li> <li>• Getur útskýrt hvaða áhrif landslag hefur á veðurfar á Íslandi.</li> <li>• Þekkir nokkrar gerðir af skýjum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum.</li> <li>• Útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist.</li> <li>• Rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs.</li> <li>• Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi.</li> <li>• Útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægarskiptum og því að tíminn líður.</li> <li>• Notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar, til að lýsa heimabyggð, landinu í heild og völdum svæðum heimsins.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áttar sig á að allir hlutir eru gerðir úr einhverju.</li> <li>• Getur útskýrt hvað <i>frumeindir og sameindir</i> eru.</li> <li>• Getur útskýrt hvað <i>frumefni</i> er.</li> <li>• Getur útskýrt hvað <i>efnasamband</i> er.</li> <li>• Getur útskýrt hvað <i>efnatákn</i> er.</li> <li>• Getur útskýrt hvað <i>efnablanda</i> er.</li> <li>• Þekkir lotukerfið.</li> <li>• Þekkir muninn á föstu efni, vökva og lofttegundum.</li> <li>• Getur útskýrt hvað rúmmál, lítrar og rúmmetrar eru og hvernig þessi hugtök eru notuð í náttúruvísindum.</li> <li>• Veit hvað <i>massi</i> og grömm eru og um notkun hugtakanna í náttúruvísindum.</li> <li>• Getur útskýrt hvernig massi efnis varðveitist.</li> </ul>	
<h2>Lífsskilyrði manna</h2>			

- Útskýrt á einfaldan máta tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er bæði skriflega og munnlega.
- Fært rök með og á móti heilbrigðis lífennis.

- Getur útskýrt muninn á *vöðvafrumum, húðfrumum taugafrumum og blóðkornum.*
- Getur útskýrt mikilvægi beinagrindarinnar og þekkir nokkur bein í líkamanum.
- Getur útskýrt mikilvægi vöðva í líkamanum.
- Getur útskýrt mikilvægi blóðsins fyrir líkamann. Einnig hvað *rauðkorn, hvítkorn, blóðflögur og blóðvökvi* er og hlutverk þeirra.
- Getur útskýrt muninn á *slagæðum, bláæðum og háræðum.*
- Getur útskýrt hvernig hjartað virkar í líkamanum og gert grein fyrir hlutverki ósæðarinnar.
- Getur teiknað upp *lokur, hvolf og gáttir* í hjartanu og útskýrt hlutverk þeirra.
- Getur útskýrt *hringrás blóðsins.*
- Getur útskýrt hvernig öndunarkerfið virkar og hlutverk þess.
- Getur útskýrt hvað *berkjur, barkakýli og lungnablöðrur* eru.
- Getur útskýrt hlutverk lifrar og nýrna.
- Getur útskýrt hlutverk húðarinnar.
- Getur útskýrt *húðþekja, leðurhúð, undirhúð.*
- Getur útskýrt hlutverk heilans og muninn á *stóra heila, litla heila, mænu* og *heilastofni.*
- Getur útskýrt hlutverk tauganna.
- Getur útskýrt hlutverk *skilningarvitanna.*
- Getur útskýrt mun á kynþroska stráka og stelpna.

- Lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.
- Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.
- Útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu.
- Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.
- Gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun.

## Náttúra Íslands



<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir helstu plöntur í sínu nærumhverfi.</li> <li>• Getur borið saman endurnýjanlega og óendurnýjanlega orkugjafa.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur útskýrt innri gerð jarðar (<i>jarðskorpa, möttull, ytri kjarni og innri kjarni</i>)</li> <li>• Getur útskýrt hvað <i>jarðskorpuflekar</i> eru og hvaða áhrif þeir hafa á jörðina.</li> <li>• Veit hvað <i>steingervingar</i> eru.</li> <li>• Veit hvað <i>jarðlög</i> eru og mikilvægi þeirra fyrir sögu jarðar.</li> <li>• Getur útskýrt með eigin orðum hugtakið <i>náttúruhamfarir</i></li> <li>• Getur útskýrt hvað <i>eldgos, jarðskjálftar, snjóflóð, flóðbylgjur</i> og aðrar náttúruhamfarir eru og hvar í heiminum má helst búast við þessu.</li> <li>• Getur útskýrt muninn á <i>innri</i> og <i>ytri öflum</i> jarðar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.</li> <li>• Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.</li> <li>• Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland.</li> <li>• Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér.</li> <li>• Lýst og Útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd.</li> <li>• Útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skiplögð.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Veit hvaða <i>orkulindir</i> eru á Íslandi.</li> <li>• Getur útskýrt hvernig orka getur breyst úr einni mynd í aðra.</li> <li>• Getur útskýrt mun á <i>varmaorku</i> og <i>efnaorku</i>.</li> <li>• Getur útskýrt mun á <i>stöðuorku</i> og <i>hreyfiorku</i>. Getur útskýrt mun á <i>lághitasvæði</i> og <i>hághitasvæði</i>. Veit hvað <i>jarðvarmi</i> og <i>vatnsafl</i> er.</li> <li>• Þekki nokkrar virkjanir á Íslandi og einkenni þeirra.</li> <li>• Getur gert grein fyrir tilgangi vatnsafls og virkjana og kynnist umhverfisáhrifum þeirra.</li> <li>• Veit hvernig hitastýringu er háttað.</li> </ul>
---	---	---

## Heilbrigði umhverfisins

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur útskýrt muninn á <i>lyftikrafti</i> og <i>loftmótstöðu</i>.</li> <li>• Getur útskýrt þróun flugsins í eigin orðum.</li> <li>• Getur útskýrt þróun í samgöngum frá því á tímum Arkimedesar.</li> <li>• Veit hvað <i>straumlínulögun</i> er.</li> <li>• Veit hver Isaac Newton var og þekki helstu afrek hans á sviði náttúruvísinda.</li> <li>• Þekki mun á <i>þyngdarkrafti</i> og <i>núningskrafti</i>.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.</li> <li>• Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.</li> <li>• Útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.</li> <li>• Gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti.</li> <li>• Lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir byggingarefni alheimsins.</li> <li>• Veit hvað <i>hamskipti</i>, <i>hitabensla</i> og <i>leysni</i> efna er. Þekki hugtökin <i>varmageislun</i>, <i>varmaburður</i> og <i>endurvarp</i>.</li> </ul>
--	--	---

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur útskýrt <i>lögmál Arkímedesar</i> um flotkraft.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Veit hvað <i>einangrun</i> er og hvernig Íslendingar einangra hjá sér.</li> <li>• Getur útskýrt hvað <i>hamskipti</i> er og hvað veldur þeim.</li> <li>• Getur útskýrt mun á <i>bræðslumarki</i> og <i>suðumarki</i>.</li> <li>• Getur útskýrt mun á <i>uppgufun</i> og <i>þéttingu</i></li> </ul>
--	---	--	---

## Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur sagt til um hvernig hljóð og bergmál myndast.</li> <li>• Getur útskýrt hvað hljóð er með dæmum.</li> <li>• Getur útskýrt tíðni, tónhæð hljóðstyrk og desibil.</li> <li>• Getur sagt til um hvernig mismunandi hljóð berast á milli staða.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir mun á mismunandi vélum og notagildi þeirra (vogarstöng, skáflötur, trissa, fleygur og skrúfa).</li> <li>• Getur útskýrt hvernig segull virkar.</li> <li>• Getur útskýrt segulsvið jarðar.</li> <li>• Getur notað áttavita og veit hvað þarf til að búa til áttavita.</li> <li>• Getur borið saman og útskýrt muninn á flötum, holum og kúptum speglum.</li> <li>• Getur sagt hvernig sjónpípa virkar.</li> <li>• Þekki og getur notað smásjá og sjónauka.</li> <li>• Getur útskýrt hvað Morsstafrófið er og til hvers það er notað.</li> <li>• Getur útskýrt mun á kúptri, safn- og íhvolfri linsu og sagt til um hvar þær eru notaðar í okkar daglega lífi.</li> <li>• Þekkir mun á gagnsæjum, hálf gagnsæjum og ógagnsæjum hlutum.</li> <li>• Getur útskýrt hvernig ljós</li> <li>• endurkastast</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gerir sér grein fyrir hvaða áhrif matur hefur á heilbrigði okkar.</li> <li>• Getur gert greinarmun á hollum og óhollum mat.</li> <li>• Þekkir hlutverk próteina, kolvetnis, fitu, vítamína og steinefna.</li> <li>• Getur útskýrt hvernig meltingin virkar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi.</li> <li>• Lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar.</li> <li>• Lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi.</li> <li>• Lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra.</li> <li>• Gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir hugtök sem tengjast rafmagni og getur unnið einföld verkefni því tengd.</li> <li>• Getur útskýrt hvað stöðurafmagn, rafstraumur og rafsegull er.</li> <li>• Getur útskýrt muninn á rafeindum og róteindum.</li> <li>• Getur útskýrt leiðni rafmagns og hvaða hlutir leiða rafmagn vel/illa.</li> <li>• Getur útskýrt hvað rafstraumur og rafrás eru.</li> <li>• Getur gert einfaldar tilraunir tengdar leiðni rafmagns.</li> <li>• Getur útskýrt hvað einangrarar eru og hvenær þeir eru notaðir.</li> </ul>
--	---	---	---

Djúpavogsskóli

Samfélagsgreinar 5.- 7. Bekkur

	Við lok 5.bekkjar	Við lok 6. bekkjar	Við lok 7. bekkjar skv. aðalnámskrá grunnskóla bls 198-200
<b>Reynsluheimur</b>			
<p>Nemandi: <u>Umhverfi</u>, <u>samfélag</u>, <u>saga</u>, <u>menning</u>: <u>Hæfni</u> <u>nemanda til að</u> <u>skilja veruleikann</u>.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Mannlíf</li> <li>• Sjálfbærni</li> <li>• Siðferði</li> <li>• Staða Íslands og saga</li> <li>• Heimabyggð</li> <li>• Jörðin</li> <li>• Heimssaga</li> <li>• Trúarbrögð</li> <li>• Náttúruskilyrði</li> <li>• Auðlindir</li> <li>• Gildi</li> <li>• Náttúruferlar</li> <li>• Lýðræði</li> <li>• Orskasamhengi</li> <li>• Fjölmening</li> <li>• Túlkun</li> <li>• Fjölskyldugerðir</li> <li>• Stjórnkerfi</li> <li>• Velferðarsamfélagið</li> <li>• Stjórnmal</li> <li>• Upplýsingalæsi</li> <li>• Gagnrýnin hugsun</li> <li>• Kortalæsi</li> <li>• Miðlalæsi</li> <li>• Heimildarýni</li> <li>• Sögulæsi</li> <li>• Kynjafræði</li> <li>• Merkingarleit</li> <li>• Menningarlæsi</li> <li>• Fjármálalæsi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Veit af tengslum milli samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú.</li> <li>• Getur bent á umhverfisáhrif af manna völdum og leiðir til úrbóta.</li> <li>• Getur lesið sér til gagns á hinum ýmsu fréttamiðlum.</li> <li>• Þekkir viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.</li> <li>• Þekkir sögu og menningu heimabyggðar og helstu stofnanir samfélagsins.</li> <li>• Þekkir og skilur hugtakið lýðræði.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir náttúruauðlindum Íslands, hvernig þær eru nýttar og hvers vegna þarf að vernda þær og umhverfið.</li> <li>• Áttar sig á að hver og einn getur lagt sitt af mörkum til að vernda auðlindir og umhverfi.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og hlutverkum innan þeirra.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir mikilvægi samhjárpar og velferðar og hvernig hún er framkvæmd í samfélaginu.</li> <li>• Þekkir helstu staði á landinu og veit hvar þá er að finna, s.s. höfuðborgina, kaupstaði, þorp, örnefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Greinir frá, í grófum dráttum, sögu og menningu Djúpavogs og þekkir helstu stofnanir samfélagsins og hlutverk þeirra.</li> <li>• Þekkir og getur lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.</li> <li>• Getur nefnt dæmi um hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir eigin útgjöldum, neyslu og áhrifum auglýsinga á eigin neyslu og á samfélagið.</li> <li>• Veit hvaða lönd tilheyra Norðurlöndunum.</li> <li>• Þekkir fána og höfuðborgir Norðurlandanna.</li> <li>• Þekkir gróður og loftslag sem einkennir Norðurlöndin.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir náttúruferjum og helstu auðlindum Norðurlandanna.</li> <li>• Þekkir merka staði í sérhverju Norðurlandanna.</li> <li>• Veit hvaða höf liggja að hverju Norðurlandanna og stærstu vötn á Norðurlöndum.</li> <li>• Áttar sig á hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á búsetu og lífsskilyrði.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi</li> <li>• skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú</li> <li>• fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta</li> <li>• gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa</li> <li>• greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf,</li> <li>• aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningarog samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.</li> <li>• notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni</li> <li>• lýst náttúruferjum. sem hafa áhrif á land og gróður</li> <li>• áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði,</li> <li>• lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi</li> <li>• gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur leitað sér upplýsinga í bókum og á netinu um ákveðna staði á Íslandi.</li> <li>• Getur bent á helstu störf og atvinnuhætti Íslendinga.</li> <li>• Lýsir með eigin orðum veðurfari og gróðri landsins.</li> <li>• Getur bent á merka sögustaði á Íslandi</li> <li>• Getur notað kort og gröf til að afla og skrá upplýsingar.</li> </ul>		<p>einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga,</li> <li>• rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagssumræðu,</li> <li>• metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð,</li> <li>• velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum,</li> <li>• lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti,</li> <li>• dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar,</li> <li>• greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum,</li> <li>• lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks,</li> <li>• rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samheng</li> <li>• gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims,</li> <li>• borið saman valin trúar- og lífsviðhorf,</li> <li>• nefnt dæmi um áhrif helgiritra helstu trúarbragða á menningu og samfélag,</li> <li>• borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum,</li> <li>• gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra</li> </ul>
--	--	--	---

			<ul style="list-style-type: none"><li>• lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta,</li><li>• gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins,</li><li>• gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu,</li><li>• lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga,</li><li>• sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið,</li><li>• séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.</li></ul>
--	--	--	---

**Hugarheimur**

<p>Nemandi: <i>Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sjálfsvitund</li> <li>• Persónumótun</li> <li>• Gildismat</li> <li>• Siðgæðisvitund</li> <li>• Menntun</li> <li>• Heilbrigði og velferð</li> <li>• Staðalmyndir</li> <li>• Réttisýni</li> <li>• Ábyrgð</li> <li>• Frelsi</li> <li>• Manngildi</li> <li>• Samhygð</li> <li>• Jafnrétti</li> <li>• Lífsviðhorf</li> <li>• Gagnrúnin hugsun</li> <li>• Fyrirmyndir</li> <li>• Tilfinninganæmi</li> <li>• Sköpun</li> <li>• Tjáning</li> <li>• Framsýni</li> <li>• Ígrundun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gerir sér grein fyrir styrkleikum sínum og veikleikum.</li> <li>• Getur lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.</li> <li>• Áttar sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.</li> <li>• Getur lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.</li> <li>• Getur sett sér markmið í námi og fylgt þeim eftir.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og getur rætt þýðingu þess.</li> <li>• Áttar sig á mikilvægi hreyfingar, hollustu og góðra samskipta.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur sett sér markmið út frá fjölbreyttum viðfangsefnum</li> <li>• Getur lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dyggða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.</li> <li>• Getur vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda og hvernig vinna má með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.</li> <li>• Áttar sig á hvernig líkaminn breytist við kynþroska.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.</li> <li>• Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dyggða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.</li> <li>• Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.</li> <li>• Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.</li> <li>• Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.</li> <li>• Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.</li> <li>• Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.</li> <li>• Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.</li> <li>• Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.</li> <li>• Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.</li> <li>• Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.</li> </ul>
--	---	--	--

## Félagsheimur

<p>Nemandi: <i>Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Félagsvitund</li> <li>• Borgaravitund</li> <li>• Umburðarlyndi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Veit hvað lýðræðislegt samfélag er.</li> <li>• Tjáir eigin þekkingu og viðhorf á viðfangsefnum.</li> <li>• Tekur þátt í lýðræðislegum samræðum.</li> <li>• Veit hvað sanngirni, sjálfstraust og virðing er.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáir þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti.</li> <li>• Sýnir sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samvinnu við aðra.</li> <li>• Getur rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</li> <li>• Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</li> </ul>
--	---	---	--

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samfélagsreglur</li> <li>• Borgaralegar skyldur</li> <li>• Frelsi og ábyrgð</li> <li>• Félagssfærni</li> <li>• Kynheilbrigði</li> <li>• Jafnrétti</li> <li>• Réttlæti</li> <li>• Virðing</li> <li>• Mannréttindi</li> <li>• Umhyggja og velferð</li> <li>• Sáttfýsi</li> <li>• Vinátta</li> <li>• Lýðræði</li> <li>• Ofbeldi</li> <li>• Samræða</li> <li>• Gagnrýnin hugsun</li> <li>• Tjáning</li> <li>• Miðlun</li> <li>• Sköpun</li> <li>• Leikur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gerir sér grein fyrir að eigin athafnir geta haft afleiðingar.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir reglum sem gilda í samskiptum fólks og getur sett sameiginlegar leikreglur með öðrum.</li> <li>• Sýnir samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.</li> <li>• Áttar sig á og greinir í sundur mismunandi skoðanir fólks á ýmsum málefnum.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir að fólk er með ólíkan bakgrunn og virðir frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgild skoðana og lífshátta.</li> <li>• Gerir sér grein fyrir að hann er þátttakandi í samfélaginu, með ákveðin réttindi og skyldur og sýnir ábyrgð í samskiptum</li> <li>• Gerir sér grein fyrir gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu.</li> <li>• Veit hvað staðalímyndir eru og getur gefið dæmi um slíkt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum</li> <li>• Tekur þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.</li> <li>• Tekur þátt í samræðum um stöðu sína sem þátttakanda í samfélaginu, réttindi og skyldur og sýnir ábyrgð í samskiptum</li> <li>• Getur tekið þátt í rökræðum um ólík málefni af samfélags og siðferðilegum toga</li> <li>• Getur nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt um áhrif staðalímynda</li> <li>• Þekkir til ólíkra málefna af samfélagslegum og siðferðilegum toga.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausán hátt.</li> <li>• Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.</li> <li>• Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.</li> <li>• Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.</li> <li>• Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda.</li> <li>• Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</li> <li>• Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.</li> <li>• Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.</li> <li>• Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.</li> <li>• Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.</li> </ul>
--	--	--	---

## Hugrekki – Virðing - Samvinna

### Djúpavogsskóli

### Sjónlist 5.- 7. bekkur

	Við lok 5.bekkjjar	Við lok 6. bekkjar	Við lok 7. bekkjar skv. aðalnámskrá grunnskóla bls 148-149
<b>Menningarläsi – sameiginlegt viðmið fyrir allar verkgreinar</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.</li> <li>• Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.</li> <li>• Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</li> </ul> <p>Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.</li> <li>• Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.</li> <li>• Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</li> </ul> <p>Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.</li> <li>• Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.</li> <li>• Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði.</li> <li>• Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.</li> <li>• Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.</li> <li>• Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.</li> <li>• Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans.</li> <li>• Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</li> <li>• Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</li> </ul>
<b>Sjónlist</b>			
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir hugtakið <i>fjarvídd</i>.</li> <li>• Getur unnið eins punkts fjarvíddarteikningu.</li> <li>• Getur unnið einfalda teikningu frá öðru sjónarhorni en frummyndin sýnir.</li> <li>• Framkvæmir allt ferli verks, frá skissu til lokaverks.</li> <li>• Þekkir helstu hugtök sem notuð eru í myndlist og hönnun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti unnið flóknari útfærslu á eins punkts fjarvíddarteikningum.</li> <li>• Þekkir hugtökin <i>samhverfa</i>, <i>speglun</i>, <i>samhverfuás</i> (<i>speglunarás</i>) og gerir teikningu út frá þeim sem sýnir þrívídd.</li> <li>• Býr til klippimyndir úr pappír, t.d. tímaritapappír.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.</li> <li>• Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.</li> <li>• Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.</li> <li>• Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur tekið tillit til annarra í hópvinnu.</li> <li>• Þekkir rúnaletur og keltnesk tákn og getur unnið myndverk út frá þeim.</li> <li>• Þekkir letur og leturgerð, t.d. þrívíða stafi.</li> <li>• Getur gert mósaíkmynd í pappír.</li> <li>• Þekkir hlutföll, t.d. í andliti.</li> <li>• Getur gert sjálfsmýnd sem í tölvu er borin saman við raunveruleikann.</li> <li>• Veit hvað dúkristur eru.</li> <li>• Kann litablöndun, málun og mótun.</li> <li>• Getur tekið tillit til annarra í hópvinnu.</li> <li>• Getur útskýrt og sagt frá eigin verkum fyrir framan hóp</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnur með letur t.d. við möppugerð. Getur gert t.d. fjarvíða stafi.</li> <li>• Þekkir og vinnur með stærðir og hlutföll.</li> <li>• Teiknar mannlíkamann með eðlileg hlutföll hans til hliðsjónar.</li> <li>• Vinnur einfaldar grafíkmyndir.</li> <li>• Þekkir hvernig myndlist og hönnun tengist sögu okkar og þróun samfélagsins í gegnum aldirnar.</li> <li>• Getur tekið tillit til annarra í hópvinnu.</li> <li>• Getur útskýrt og sagt frá eigin verkum fyrir framan hóp</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu.</li> <li>• Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.</li> <li>• Fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur.</li> <li>• Gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil teiltækinnar verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð.</li> <li>• Greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka.</li> <li>• Greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.</li> <li>• Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.</li> </ul> <p><b>Viðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnur flóknari þrívíddar- og fjarvídarteikningar.</li> <li>• Vinnur með leturgerð. Fjáls útfærsla sem byggir á fyrri þekkingu.</li> <li>• Teiknar mannlíkama eftir lifandi módeli.</li> <li>• Býr til einfaldar grafíkmyndir.</li> <li>• Skoðar ýmis logo, veltir fyrir sér áhrifum lita og tákna og býr til eigið logo.</li> <li>• Vinnur mósaíkmyndir.</li> </ul>
--	--	---	---

Djúpavogsskóli

Skólaípróttir 5.- 7. bekkur

	Við lok 5.bekkjjar	Við lok 6. bekkjar	Við lok 7. Bekkjar skv. aðalnámskrá grunnskóla bls 183-186
<b>Líkamsvitund, leikni og afkastageta</b>			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fer í leiki og æfir viðstöðulaus hlaup.</li> <li>• Tekur þátt í ýmsum útfærslur af stöðvabjálfun.</li> <li>• Sippar í kross. Tengir saman kollhnís og handahlaup.</li> <li>• Geri hornaskot í handbolta.</li> <li>• Getur spilað flóknari skotboltaleiki.</li> <li>• Tekur þátt í algengum boltaípróttum.</li> <li>• Syndir 200 m þolsund innan við 12 mín.</li> <li>• Syndir 100m bringusund án hvíldar.</li> <li>• Ræður við flugsundsátök stutta vegalengd.</li> <li>• Getur sótt hlut á 1-2 m dýpi eftir 5m sund.</li> <li>• Hefur náð tökum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta:             <ul style="list-style-type: none"> <li>- 32 m skólabaksund.</li> <li>- 50 m skriðsund.</li> <li>- 50 m baksund.</li> </ul> </li> <li>• Kynnist marvaða.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hleypur lengri vegalengdir með þrautum og hindrunum.</li> <li>• Framkvæmir einfaldar samsettar æfingar. Áhersla á planku (markmið 45 sek.).</li> <li>• Stekkur hástökk með hraðri atrennu, gerir heljarstökk af trampólíni.</li> <li>• Spilar körfubolta (hraðaupphlaup 2 saman), grunnur í blaki og hnit.</li> <li>• Syndir 300 m þolsund undir 14 min.</li> <li>• Getur synt 200 m bringusund viðstöðulaust.</li> <li>• Syndir 16 m björgunarsund með skólabaksundsátökum.</li> <li>• Syndir 8 m kafsund.</li> <li>• Getur stungið sér af bakka.</li> <li>• Hefur náð tökum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta:             <ul style="list-style-type: none"> <li>- 50 m skólabaksund.</li> <li>- 50 m skriðsund.</li> <li>- 50 m baksund.</li> </ul> </li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert æfingar sem reyna á loftháð þol.</li> <li>• Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols.</li> <li>• Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.</li> <li>• Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttgreinum.</li> <li>• Tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.</li> <li>• Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka</li> </ul> <p><b>Sundviðmið Djúpavogsskóla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Syndir 400m þolsund undir 18mín</li> <li>• 50m bringusund á innan við 1.14mín</li> <li>• 50m skriðsund á innan við 1.20 mín</li> <li>• 300m bringusund á innan við 10.mín</li> <li>• 16 m björgunarsund með skólabaksundsátökum og synt með jafningja</li> </ul>

## Félagslegir þættir

<p>Nemandi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fær fræðslu um að taka sigri og tapi með jafnaðargeði og að líta á sig sem hluta af hópi.</li> <li>• Sé minntur á mikilvægi virðingar gagnvart öðrum.</li> <li>• Áttar sig á reglum og af hverju það er mikilvægt að fara eftir þeim.</li> <li>• Fær fræðslu um hegðun og framkomu sem er ósæmileg, s.s. káf og stríðni vegna líkamsburðar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur unnið með öllum og sýnir samnemendum virðingu.</li> <li>• Mælir og tekur tíma hjá öðrum.</li> <li>• Sýnir góða hegðun í búningsklefum og virðir einkasvæði kynjanna (kvenna/karlaklefa).</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.</li> <li>• Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.</li> <li>• Rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.</li> </ul>
-----------------	---	--	--

## Heilsa og efling þekkingar

